

um frv. til l. um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Frá 1. minni hl. álbræðslunefndar.

Athugun þessa máls í nefndinni fór fram í samvinnu við álbræðslunefnd Nd. 2. minni hluti þeirrar nefndar, þeir Ingvar Gíslason og Þórarinn Þórarinsson, gaf út mjög ýtarlegt nefndarálit, þar sem þau sjónarmið, sem mestu varða í þessu máli, koma glögg fram, og munum við því að mestu láta okkur nægja að vísa til þess.

Rétt þykir þó að draga hér fram nokkur höfuðatriði málsins, sem marka afstöðu okkar til þess.

Verðlags- og efnahagsmálin eru meginvandamál þjóðarinnar um þessar mundir. Dýrtíðarhjólíð er á fleygiferð. Ríkisstjórnin hefur brugðizt þeirri frumskyldu sinni að ná tökum á þessum vandamálum. Stórfelld erlend fjárfesting á því svæði landsins, þar sem þenslan í verðlaginu á rót sína, ofan á allt annað, nauðsynlegt og ónauðsynlegt, sem verið er að framkvæma, mundi að okkar dómi hafa slíkar óheilla-afleiðingar fyrir efnahagslífið í landinu, að seint yrði bætt.

Samningurinn er óhagstæður. Raforkuverðið er mjög lágt. Það er sagt miðað við það, að bræðslan skili í raforkuverði rúmlega sínum hluta af virkjunarkostnaði ódýrustu virkjunar, sem möguleg er á Íslandi, en bræðslan á að fá tvo þriðju hluta af orkunni frá þeirri virkjun. Mjög er þó undir hælinn lagt, hvort þær áætlanir standast, og líklegast, að þær geri það ekki. En sjálfum er okkur ætlað að standa undir dýrari virkjunum, sem nauðsynlegar verða á samningstímabilinu, m. a. vegna álbræðslunnar.

Samningurinn geymir ákvæði um lögsögu og gerðardóm, sem eru með öllu óviðunandi. Það er ekki nóg með, að svissneska fyrirtækið geti einhliða skotið deilumálum sínum við íslenska ríkið til útlends gerðardóms. Slíks munu e. t. v. einhver dæmi, að umkomulitlar þjóðir hafi orðið að sætta sig við það. Hitt mun algert einsdæmi, a. m. k. í ríkjum, sem húa við svipað réttarástand og hér er, að hið íslenska verksmiðjufyrirtæki getur einnig stefnt íslenska ríkinu, Landsvirkjun o. fl. opinberum íslenskum aðilum fyrir erlendan gerðardóm. Sagt er, að sá erlendi dómstóll eigi að dæma eftir íslenskum lögum auk alþjóðalaga. Ýmsir munu að óreyndu kvíða því, að þekking erlendra manna á íslenskum lögum kunni að reynast takmörkuð.

Auk þess hafa ákvæði úr stjórnarskrá Íslands verið tekin inn í samninginn, og gæti það augsýnilega síðar gefið einhverjum tilefni til að halda því fram, að útlendi gerðardómurinn eigi að skera úr því, hvenær þau eigi við eða þeim sé fullnægt.

Við undirritaðir og flokkur okkar höfum jafnan talið, að samvinna við erlent fjármagn til uppbyggingar nýrra orkufrekra iðngreina í landinu komi mjög til greina, en aðeins við þau skilyrði og með þeim skilmálum, sem eru í samræmi við íslenska þjóðarhagsmunum. Þau skilyrði höfum við í meginatriðum skilgreint þannig:

1. Erlend stóriðja er í sjálfu sér engin lausn á atvinnuvandamálum okkar og kemur aðeins til greina sem liður í skipulegri framkvæmd heildaráætlunar í framkvæmda- og efnahagsmálum.

Nú liggur engin slík áætlun fyrir, og ríkisstjórnin er stefnulaus í atvinnu- og efnahagsmálum.

2. Slíkur rekstraraðili lúti íslenskum lögum — þá auðvitað um leið íslenskri lögsögu.

Nú eigum við hins vegar að fá útlendan gerðardóm yfir íslenskt ríkisvald.

3. Raforkuverðið sé hagstætt og standi a. m. k. undir virkjunarkostnaði í landinu að sínu leyti.

Nú á það aðeins að standa að sínu leyti undir ódýrustu virkjun, sem möguleg er á Íslandi — ef það þá stent.

4. Slíkum iðnaði sé valinn staður í samræmi við þjóðarhagsmunum og viðleitni okkar til skipulegrar byggðar í landinu.

Nú á að byggja verksmiðjuna þar, sem þörf okkar Íslendinga sjálfra er mest fyrir vinnuafli og raforku.

Ljóst er af þessu, að ekkert af megin skilyrðum okkar er uppfyllt við þessa samningagerð. Við leggjum því til, að samningurinn verði ekki staðfestur og frv. fellt.

Við teljum samninginn í sjálfu sér slæman og ýmis ákvæði hans hættuleg for-dæmi í framtíðinni.

Alþingi, 27. apríl 1966.

Helgi Bergs, Ólafur Jóhannesson.
frsm.